

**Nd.**

**426. Frumvarp til laga**

um sölu þjóðjarðarinnar Hamra við Akureyri.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Akureyrarkaupstað þjóðjörðina Hamra, sem liggur innan lögsagnarumdæmis Akureyrar.

2. gr.

Kaupverð jarðarinnar skal ákveðið með mati tveggja dómkvaddra manna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**G r e i n a r g e r ð .**

Bæjarstjórn Akureyrar hefir óskað að fá keypta jörðina Hamra, sem liggur innan lögsagnarumdæmis Akureyrar og myndar fleyg milli Stóraeyrarlands (byggingarlóðasvæðisins) og jarðarinnar Kjarna, sem einnig liggur innan sama lögsagnarumdæmis, sunnan Hamra, og er eign Akureyrarbæjar. Eru þar mikil ræktunar-, slægna- og beitarlönd, sem nytjuð eru af Akureyringum. Jörðin Hamrar er talin vera laus úr ábúð í næstu fardögum, og virðist því liggja beint við að selja Akureyrarbæ jörð þessa, sem á alla vegu er umlukt löndum Akureyrarbæjar.